

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasviði Austurstræti 8 – 10,

150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2018

Efni: Aðgerðaáætlun í húsnæðismálum, 5. mál.

Vegna framlagningar þessarar tillögu vill BHM áréttta ályktun aðalfundar bandalagsins í maí 2018:

Tryggja þarf húsnæðisöryggi ungs háskólafélks

Aðalfundur BHM 2018 lýsir áhyggjum af húsnæðismálum ungs félks. Viðvarandi húsnæðisskortur hefur þrýst upp húsnæðisverði hér á landi. Þetta á bæði við um kaupverð húsnæðis og leiguverð. Þannig hækkaði vísitala íbúðaverðs um 69% frá ársbyrjun 2013 til ársbyrjunar 2018 og vísitala leiguverðs um 50%. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 45% og lán LÍN til grunnframfærslu um 28%. Af þessu leiðir að sífellt erfiðara er fyrir ungt fólk að koma sér þaki yfir höfuðið. Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og atvinnuhorfur nýútskrifaðs háskólafélks hafa versnað. BHM skorar á stjórnvöld að leita leiða til að tryggja að ungt fólk hafi aðgengi að húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Húsnæðisöryggi er forsenda þess að Ísland geti keppt við nágrannalöndin um menntað vinnuafl.

Ljóst er að grípa þarf til margvíslegra aðgerða til þess að tryggja húsnæðisöryggi hér á landi, hvort tveggja fyrir leigjendur og húsnæðis kaupendur. BHM leggur þunga áherslu á að tekið verði tillit til aðstæðna ungs félks sem nýlukið hefur háskólanámi og þarf að koma sér þaki yfir höfuðið jafnframt því að greiða af námslánum og koma sér upp fjölskyldu. Stjórnvöld verða að hafa hagsmuni þessa stóra hóps í huga við ákvarðanatöku og lagasetningu er varðar húsnæðis kerfið.

Virðingarfyllt,



Þórunn Sveinbjarnardóttir,

Formaður BHM